



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið
Upplýsingatækniþjónusta

Reykjavík, 27. febrúar 2025
Málsnúmer: PON25020026

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík

Heimild til samningskaupa á sérfræðiþjónustu frá Microsoft

Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar óskar eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs til samningskaupa á sérfræðiþjónustu frá Microsoft. Um er að ræða samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar sbr. b. lið 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Microsoft er einkaleyfishafi á þjónustunni „Microsoft Unified Support Services“ og þar með eini aðilinn sem kemur til greina af tæknilegum ástæðum.

Þetta yrði níunda framlengingin á Unified Support-samningi um kaup á þjónustu ráðgjafa frá Microsoft. Þessi kaup á Unified Enterprise Support eru á sambærilegum kjörum og við höfum fengið hingað til. Samningur er tengdur við Microsoft leyfasamninga Reykjavíkurborgar og fylgir grunnverð Unified samningsins notkun þeirra samninga. Árleg upphæð er USD 319.230,- eða tæpar 45 mkr á ári án vsk. Samningstíminn er þrjú ár eða til 31.3.2028.

Umræddur samningur tryggir bætt rekstraröryggi Upplýsingatækniþjónustu á Microsoft lausnum og hefur marg sinnis lágmarkað rekstrartruflanir í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar. Samningurinn tryggir einnig aðgengi að sérfræðingum Microsoft með stuttum fyrirvara allan sólarhringinn allt árið um kring.

f.h. upplýsingatækniþjónustu (UTR)

Tómas Guðmundsson
Tæknistjóri skýjalausna